

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitaflétir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 52,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhitun er heimilt að selja afnot vatnsins á grundvelli orku- og rennismælingar.

Greiðist þá 0,86 kr. fyrir hverja kWh skv. okrumæli og 13,00 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns skv. rennismæli.

5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að ¾"	335,00
b) Fyrir mæla allt að 2"	670,00
c) Fyrir mæla allt að 3"	1 340,00
d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningi eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m ³ (utanmál)	Heimæðagjöld Kr.
Allt að 400	54 900,00
400 að 2000	54 900,00 fyrir 400 m ³ + 43,80 kr/m ³ þar yfir
2 000 að 6 000	124 700,00 fyrir 2 000 m ³ + 37,00 kr/m ³ þar yfir
6 000 að 10 000	273 300,00 fyrir 6 000 m ³ + 33,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000	405 300,00 fyrir 10 000 m ³ + 28,60 kr/m ³ þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að ¾"	8 250,00
b) Fyrir mæli allt að 2"	16 500,00
c) Fyrir mæli allt að 3"	33 000,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd, að fenginni staðfestingu iðnaðar-ráðuneytisins hverju sinni.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum, eða skrifstofu Rafveitu Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 666,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 75, 12. febrúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Selfoss.****I. Heitt vatn.**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- | | | |
|--|-----|----------|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 20,00 |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils | kr. | 5 505,00 |

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- | | | |
|---|-----|----------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. | 2 565,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" | kr. | 3 605,00 |

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m ³	kr.	30 807,00
af 400 m ³ +	kr.	26,00
á m ³ þar yfir að 2000 m ³ .		
2000 m ³	kr.	72 407,00
+	kr.	21,30
á m ³ þar yfir.		